

Krafa stefnanda um greiðslu málskostnaðar er þannig sett fram, að ekki er unnt að líta svo á, að hluti hennar falli undir bótakröfu stefnanda, og verður afstaða til hennar tekin síðar.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum telur dómurinn, að tjón stefnanda nemi kr. 4.500.000. Af því skal stefnandi sjálfur bera 3/5 hluta, eða kr. 2.700.000, en stefndi, Drangur h/f, kr. 1.800.000, en til frádráttar þeirri fjárhæð koma þær bætur, sem stefnandi hefur fengið greiddar hjá öðrum aðiljum, eða kr. 2.277.642 eða hærri fjárhæð, og samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefnandi hefur eigi gert kröfur á hendur réttargæslustefnda og réttargæslustefndi ekki kröfur á hendur honum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Pétur Guðmundsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Drangur h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ástþórs Guðnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 238/1980. **Erla Gissurardóttir**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Guðmundi Magnússyni

(Kristinn Einarsson hrl.).

Veðskuldabréf. Synjað um fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Armann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. nóvember s. á. Hún krefst þess, að viðurkennt verði með dómi, að lögmæt hafi verið „gjaldfelling og eindögun veðskuldabréfs útg. 14. september 1978 af stefnda Guðmundi Magnússyni“, en bréf þetta var upphaflega að fjárhæð 6.000.000 gkr., en að eftirstöðvum 4.500.000 gkr., þegar það var eindagað. Þá krefst áfrýjandi þess, „að hin umbeðna fjárnámsgjörð nái fram að ganga til tryggingar skuldinni:

a. Vangreiddir vextir frá 14.9. 1978 til 20.11. 1978 gkr. 113.333,00.

b. Gjaldfallnar eftirstöðvar gkr. 4.500.000,00, með 10% ársvöxtum frá 20. nóvember 1978 til 20. janúar 1979, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og byrjaðan vanskilamánuð frá þ. d. til 20. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum frá þ. d. til 1. júní 1980, með 4,75% dráttarvöxtum frá þ. d. til 20. nóvember 1980, af gkr. 4.633.333,00 frá þ. d. til 1. júní 1981, með 4,5% dráttarvöxtum frá þ. d. til 21. apríl 1982, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum gkr. 5.400.000,00, sem greiddar hafa verið inn á skuldina.“ Þá krefst áfrýjandi 16.000 gkr. vegna kostnaðar svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur áfrýjandi í fyrsta lagi sett fram kröfu um viðurkenningu á lögmæti „gjaldfellingar og eindögunar veðskuldabréfs“. Slíkri kröfu verður ekki sinnt í fógeta-réttarmáli. Þá hefur hann krafist fjárnáms til tryggingar vöxtum fyrir tímabilið 14. september 1978 til 20. nóvember sama ár, 113.333 gkr. Þessarar upphæðar er ekki getið í fjárnámsbeiðni, þar sem eingöngu er beiðst fjárnáms „til tryggingar skuld samkvæmt hinu gjaldfallna veðskuldabréfi, kr. 4.500.000 með . . . dráttarvöxtum . . . frá 20/11 1978 . . .“ Hér fyrir dómi hefur því að vísu verið haldið fram af hálfu

áfrýjanda, að um villu í vélritun hafi verið að ræða, en jafnan hafi verið ljóst við meðferð málsins, að fjárnámskrafan tæki til vaxta frá 14. september til 20. nóvember 1978, svo sem sjá megi af hinum áfrýjaða úrskurði. Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, verður þó ekki ráðið, að fyrir fógetarétt hafi komið krafa um fjárnám til tryggingar margnefndum 113.333 krónum. Verður slíkt fjárnám því ekki heimilað með þessum dómi. Loks hefur áfrýjandi krafist fjárnáms til tryggingar kröfu að upphæð 4.500.000 gkr. með dráttarvöxtum, allt að frádregnum 5.400.000 gkr., eins og lýst er í framanskráðri kröfugerð. Kröfugerðin er þannig, að ekki er tekið tillit til greiðslna þeirra, sem stefndi innti af hendi í samræmi við veðskuldaþréfið, til lækkunar á þeim höfuðstóli, sem dráttarvextir eru reiknaðir af. Verður fjárnám því ekki heimilað með þeim hætti, sem krafist er, og þessi meinbugur á kröfugerðinni veldur því, að krafan verður ekki tekin til greina að hluta, enda eigi fram komin fullnægjandi gögn, sem til þess verða notuð. Ber þegar af þessari ástæðu að synja framkominni kröfu um fjárnám að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. júlí 1980.

Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. Erlu Gissurardóttur, Grensásvegi 60, Reykjavík, krafist þess, að fjárnám verði gert í jörðinni Arnþórsholti, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, til tryggingar skuld samkvæmt veðskuldaþréfi að eftirstöðvum kr. 4.500.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 20. nóvember 1978 til 20. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 20. september 1979, með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1980, en

með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 470.422 í innheimtukostnað, kr. 2.000 í ljósritunarkostnað, kr. 14.000 vegna ritunar fjárnámsbeiðni auk alls kostnaðar við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kemur, allt að frádregnum kr. 1.950.000, sem greiddar voru inn á skuldina 23. nóvember 1979. Þá krefst hann málskostnaðar í máli þessu úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Guðmundur Magnússon, Arnþórsholti, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, hefur krafist þess, að synja að verði um framgang fjárnámsgerðarinnar og honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 20. júní sl.

Gerðarþoli, Guðmundur Magnússon, er þinglesinn eigandi jarðarinnar Arnþórsholts, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Í máli þessu liggur fyrir veðskuldabréf, útgefið til Erlu K. I. Gissurardóttur þann 14. september 1978 af Guðmundi Magnússyni. Játar hann sig þar skuldugan um kr. 6.000.000, sem hann lofar að greiða á næstu 4 árum, 20. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 20. nóvember 1978. Vextir eru 10% ársvextir og greiðast eftir á. Hann veðsetur skuldareiganda með 4. veðrétti og uppfærslurétti jörðina Arnþórsholt, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, ásamt mannvirkjum og öllu, sem fylgir og fylgja ber, næst á eftir á 1.—3. veðrétti, upphaflega kr. 325.000.

Í skuldabréfinu er ákvæði um, að öll skuldin sé í gjalddaga fallin, ef vanskil verða á greiðslum. Síðan segir í bréfinu: „Þegar skuldin er í gjalddaga fallin getur veðhafi ávallt látið taka veðið fjárnámi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar, skv. heimild í 1. gr. laga 57/1949 og 39. gr. 1. 95/1947, sbr. 3. gr. 1. 18/1887.“

Fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda er dagsett 10. júní 1980. Henni var þegar mótmælt af gerðarþola. Var málið tekið fyrir 10. júní sl. og þá ítrekuð mótmæli gegn framgangi fjárnámsins.

Gerðarbeiðandi segir í málsútlistun sinni, að skuld vegna framangreinds bréfs hafi verið stofnuð við útgáfu bréfsins 14. september 1978. Tekið sé fram í bréfinu, að skuldin beri 10% ársvexti, og þar sem annað sé ekki tekið fram, beri að sjálfsgöðu að reikna þá frá útgáfudegi bréfsins. Þegar greiða skyldi af bréfinu í fyrsta sinn, þ. e. 20. nóvember 1978, hafi gerðarþoli greitt umsamda afborgun af höfuðstól, en enga vaxtagreiðslu og hafi

hann árangurslaust verið krafinn um þá vexti. Með bréfi, dags. 3. janúar 1979, hafi Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður krafist gerðarpola um vaxtagreiðsluna svo og um greiðslu þinglýsingar og stimplunar bréfsins og kr. 34.806 í innheimtukostnað. Hafi gerðarpola jafnframt verið tilkynnt, að ef ekki yrði orðið við greiðsluáskorun þessari, þá væri bréfið þar með gjaldfallið vegna vanskila í samræmi við ákvæði skuldabréfsins. Viðbrögð gerðarpola hafi orðið þau, að því er virtist með leiðbeiningu þáverandi sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að hann sendi greiðslu vegna stimpilkostnaðar og þinglesturs, en hvorki vextina né innheimtukostnað. Einnig hafi hann látið hjá líða að greiða vanskilavextina, er hann greiddi afborgun af bréfinu 1979. Hafi hann þannig sýnt, að hann ætli sér ekki að greiða þá, og því sé enginn vafi á því, að öll skuldin sé í gjalddaga fallin, svo sem krafist er. Gerðarbeiðandi kveður skuldabréfið samið af fyrrverandi sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og að í því hafi átt að vera heimild til að selja veðið á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar, sbr. tilvitnun í 1. gr. laga nr. 57/1949 í bréfinu, sem annars hefði verið óþörf. Verði þá skiljanlegra orðalag bréfsins, þar sem segi, „að þegar skuldin er í gjalddaga fallin, getur veðhafi ávallt látið taka veðið fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar eða aðfarar“, en það síðasta ætti að vera ómöguleiki. Þar sem ekki hafi þótt öruggt, að sýslumaður hefði gert gerðarpola ljóst, hvað efnislega stóð í 1. gr. laga nr. 57/1949, þá hafi þótt öruggara að falla frá uppboði án undanfarandi aðfarar skv. greininni og krefjast aðfarar fyrst, þar sem sú heimild sé fram tekin berum orðum í bréfinu, og skipti þá ekki máli, þótt laga-tilvitnunin hafi eitthvað brenglast.

Af gerðarpola hálfu er því haldið fram, að þegar gengið hafi verið frá skilnaðarskilmálum milli aðilja máls þessa, hafi það orðið að samkomulagi milli þeirra, að ákvæði skuldabréfsins tækju fyrst gildi þann 20. nóvember 1978 og að frá þeim degi skyldu vextir reiknaðir. Þetta samkomulag hafi verið staðfest af fyrrverandi sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í bréfi hans til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, en sýslumaður hafi samið skuldabréfið og verið annar vottur að undirritun þess. Af hálfu gerðarpola hefur og verið á það bent, að þegar hann innti af hendi fyrstu greiðslu af skuldabréfinu 20. nóv. 1978, hafi verið tekið við greiðslunni athugasemdalaust, enda greiðslan verið í samræmi við áðurgreint samkomulag. Það hafi fyrst verið 3. janúar 1979, að hann var krafinn um kr. 116.666,

sem sagðar voru vextir fyrir tímabilið 14. september — 20. nóvember 1978. Hafi honum í því bréfi verið veittur frestur til 20. janúar sama ár til greiðslu þessarar fjárhæðar. Þann 15. janúar 1979 hafi Ásgeir Pétursson, þáverandi sýslumaður, ritað lögmanni gerðarbeiðanda bréf, en þar komi fram ótvíræð mótmæli við greiðslu umkrafinna vaxta og í bréfi þessu skýrt fram tekið, að krafa þessi væri í engu samræmi við samkomulag aðilja. Gerðarþoli kveður nú hafa verið tíðindalaust í málinu um níu mánaða skeið og hafi hann talið mál þetta niður fallið, en sú hafi þó eigi orðið raunin, því að þann 26. október 1979 hafi lögmaður gerðarbeiðanda sent uppboðsbeiðni til sýslumanns, sem fyrst hafi borist sér með bréfi sýslumanns, dags. 13. nóvember 1979. Þann 23. nóvember kveðst gerðarþoli hafa innt af hendi aðra greiðslu af skuldabréfinu svo og vexti fyrir tímabilið 20. nóvember 1978 til 20. nóvember 1979. Hafi sem fyrr verið tekið við greiðslunni án athugasemda og uppboðsmálið felld niður og hafi þetta algera aðgerðarleysi styrkt sig í þeirri trú, að allar málsýfingar vegna skuldabréfsins væru niður fallnar. Gerðarþoli kveður nú hafa liðið hálft ár, en þann 10. júní 1980 hafi lögmaður gerðarbeiðanda lagt fram fjárnámsbeiðni þá, sem hér er um deilt. Í þessu sambandi leggur gerðarþoli áherslu á þá staðreynd, að 18 mánuðir liðu, frá því fyrsta afborgun hans af bréfinu fór fram, þar til fjárnámsbeiðni er lögð fram. Hafi einhver réttur gerðarbeiðanda verið fyrir hendi þann 20. nóvember 1978, en því hafi raunar verið mótmælt, sé hann löngu fallinn niður vegna þess aðgerðarleysis gerðarbeiðanda, sem hér hefur verið rakið. Þá bendir gerðarþoli á, að sú fjárhæð, sem gerðarbeiðandi telji gerðarþola eiga að greiða, sé svo örlítill hluti af heildarfjárhæð skuldabréfsins, að eigi komi til greina, að krafa gerðarbeiðanda nái fram að ganga. Önnur niðurstaða væri vægast sagt óréttlát.

Skuldabréf það, sem um er deilt í máli þessu, varð til við eignaskiptingu milli aðilja máls þessa við hjónaskilnað. Bréfið var samið af þáverandi sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem fór með hjónaskilnaðarmál aðiljanna. Við samningu bréfsins eða í vélritun hafa orðið þau mistök, að þar hefur bersýnilega átt að vera heimild til sölu á veðinu á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar, sbr. tilvitnun í 1. gr. laga nr. 57/1949 í bréfinu. Í bréfinu er aftur á móti berum orðum sagt, að aðför sé heimil án undangengins dóms eða sáttar, þegar skuldin er í gjald-daga fallin, og þrátt fyrir að lagatiltvitnun hafi brenglast, verður að líta svo á, að skuldabréfið sé, eins og það er úr garði gert,

fullnægjandi heimild til aðfarar að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Ágreiningur er milli aðilja máls þessa um upphafsdag vaxtareiknings af margnefndu skuldabréfi. Ekkert segir um það í bréfinu sjálfu né skilnaðarskilmálum aðiljanna. Fyrrverandi sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem fór með hjónaskilnaðarmál aðiljanna, hefur í bréfi til lögmanns gerðarbeiðanda haldið því fram, að samkomulag hafi verið með aðiljum um að reikna vexti frá 20. nóvember 1978. Um þetta er ekkert getið í bréfinu sjálfu, eins og áður segir, og verður því að beita þeirri meginreglu að vaxtareikna bréfið frá útgáfudegi þess 14. september 1978. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu er gerðarþoli í vanskilum við gerðarbeiðanda um kr. 113.333 auk vaxta og kostnaðar frá 20. nóvember 1978. Gerðarþoli bauð fram þá fjárhæð í réttarhaldinu 20. júní sl. auk vaxta og kostnaðar og að málinu væri þar með lokið, en því var hafnað af gerðarbeiðanda. Kemur þá til athugunar, hvort þessi vanskil eru nægileg til þess, að þau réttlæti gjaldfellingu alls skuldabréfsins. Gerðarþoli hefur greitt vexti og afborgun af skuldabréfinu sl. 2 ár á réttum gjalddögum að undanteknum þeim vöxtum, sem hér er um deilt. Hann leitaði ráða hjá þeim aðilja, sem með hjónaskilnaðarmál hans fór, og greiddi vextina ekki að hans ráðleggingu. Þegar málatilbúnaður gerðarbeiðanda er skoðaður, blasir þetta við. Gerðarþoli greiddi fyrstu afborgun af skuldabréfinu 20. nóvember 1978. Hinn 3. janúar 1979 er hann krafinn um vexti tímabilið 14. september 1978 til 20. nóvember 1978 og honum gefinn frestur til 20. janúar 1979 til að inna greiðsluna af hendi. Hann greiðir ekki, og greiðsluskýldu er mótmælt með bréfi sýslumanns 15. janúar 1979. Síðan gerist ekkert í málinu næstu 9 mánuði, þ. e. fyrr en 26. október 1979, en þá ritar lögmaður gerðarbeiðanda uppboðsbeiðni. Uppboðsmálið virðist aldrei hafa verið þingfest, og málið hvílir enn, þar til lögmaður gerðarbeiðanda ritar fjárnámsbeiðni þá, sem hér er um deilt, 10. júní 1980.

Með hliðsjón af þessum málatilbúnaði gerðarbeiðanda, þ. e. að hann rekur mál þetta ekki með þeim hraða sem eðlilegt getur talist, svo og af því, að vanskil gerðarþola eru ekki stórkostleg í hlutfalli við heildarfjárhæð skuldabréfsins, þykja þau ekki réttlæta alla eindögun skuldarinnar. Verður því synjað um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðið fjárnám skal ekki ná fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1982.

Nr. 208/1982. **Ákærvaldið**
gegn
Óskari Matthíassyni.

Kærumál. Hald á munum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, sem barst Hæstarétti 25. þ. m., og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og sér fengin umráð loftnets þess, sem úrskurðurinn snýst um.

Ríkissaksóknari hefur sent réttinum greinargerð, og krefst hann þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Þá hefur borist greinargerð af hálfu varnaraðilja frá Jóni Hjaltasyni hæstaréttarlögmanni. Ítrekaði hann ofangreindar kröfur varnaraðilja og gerir kröfu um „hæfileg málsvarnarlaun . . . vegna kærumáls þessa“ úr ríkissjóði.

Loftnet það, sem hér er um að ræða, getur haft sönnungargildi í rannsókn þeirri gegn varnaraðilja, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, og enn fremur getur komið til greina, að krafa verði gerð um upptöku þess, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/1941. Ber samkvæmt því og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar að staðfesta þá niðurstöðu hans, að lagt skuli hald á loftnetið.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.